

Ed.

63. Nefndarálit

um frumvarp til laga um einkarjett til verslunar með smjör og tólg.

Frá minni hluta bjargráðanefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt í máli þessu. Minni hlutinn telur ekki rjett, að frumvarpið verði að lögum, og liggja að því rök þau, er hjer greinir:

1. Óeðlilegt og ógerandi að leggja hömlur á bein viðskifti innanlands á milli

framleiðenda og neytenda á fæðutegundum þeim, sem aflað er í landinu sjálfu.

2. Lögín myndu þar af leiðandi ekki ná tilganginum; yrðu óvinsæl, virt að engu og í kringum þau farið. Nóg af slíkum lögum nú upp á síðkastið, er helst virðast eiga það eitt erindi inn á löggjafarsvið landsins að auka litils- virðingu á allri löggjöf og löghlýðni.
3. Kostnaðurinn við framkvæmd laganna töluvert isjárverður og milliliðafyrir- komulagið þunglamalegt og að nokkru leyti óþarft, svo sem umsjónarmenn í hreppum, sem ekkert myndu gera annað en safna ófullkomnum og al- gerlega óábyggilegum skýrslum.
4. Svo gæti farið, að smjörverð stigi hærra með þessu einokunarfyrirkomulagi en ef viðskifti væru frjáls, t. d. ef vel áraði og smjöröflun yrði mikil í land- inu og landsverslun væri búin að festa sjer meira af smjöri en hægt væri að selja með því verði, er myndaðist af hámarksverði og kostnaði, er á það legðist samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, og landsverslun biði halla af sölunni, sem þá ætti að lenda á landssjóði, eins og gert er ráð fyrir í greinargerð fyrir frumvarpinu.
5. Óviðeigandi og óviturlegt að ákveða hámarksverð á fæðutegundum, sem aflað er í landinu sjálfu, í lögum, er lengur eiga að standa, þar eð ástæður eru svo breytilegar á þessum voða- og byltingatímum, að alt getur horft öndvert við að svipstund liðinni að kalla má.
6. Lögín myndu í engu falli stuðla að meiri feitmetisöflun í landinu, jafnvel þótt svo ólíklega kynni að ske, að þau að einhverju leyti ýttu undir bænd- ur í einstökum sveitum eða hjerudum til að taka upp fráfarur ásauðar, því að aukin smjöröflun við auknar fráfarur fer að mestu leyti fram á kostnað tölgar og kjötfæti, svo að þar lenti í sama fari að mestu. En vel gæti svo farið, að lögín hefðu gagnstæð áhrif á framkvæmd fráfarerna eða alt önnur en þau, er ráð er gert fyrir í greinargerð fyrir frumvarpinu.
7. Það virðist sem of mikið sje gert úr feitmetisskortinum í landinu, því að ekki er beinlínis hægt að miða við ástæður síðustu tveggja ára, þar eð smjör- öflun hefir verið afarlitil í miklum hluta landsins á þeim árum, sökum þess að taða hefir hrakist afskaplega mikið og nýttjar af kúm fyrir þá sök orðið afar rýrar; útkoman gæti því orðið alt önnur, ef vel áraði og nýttjar af kúm yrðu í góðu lagi.

Að lokum leyfum við okkur að benda á það, að önnur ráð eru til þess að bæta úr feitmetisskortinum en þau, er í frumvarpinu eiga að felast, t. d. ef að því væri stuðlað, að vel verkuð sild, er hæf væri til manneldis, fengist með þolanlegu verði, því að sild er líka feitmeti. Sama er að segja um þorskalýsi, sem brætt saman við tólg gerir hana næstum að smjörigildi. Þá má og benda á hrossafæti. Svo komið nú, að hrossafjöldi er orðinn svo mikill í sumum hjerudum landsins, að til vandræða horfir, og ekki önnur ráð fyrir hendi, ef útflutningi á hrossum verður ekki við komið með þolanlegum kjörum á þessu sumri, en að þá verði að fara að slátra hrossunum. Hvað á þá að gera við hrossafæitina? Eigum við að kasta henni sem einskis nýtri? Ekki teljum við það bjargráð, heldur hitt, að hún sje notuð til viðbits með sömu ánægju og annað feitmeti, eins og einstakir bændur eru þegar farnir að gera.

Þarna gæti komið drjúg viðbót við feitmeti það, sem allað er í landinu á annan hátt.

Af framanskráðum ástæðum leyfum vér okkur að ráða háttv. deild til að samþykkja ekki frumv. þetta.

Alþingi, 4. maí 1918.

Hjörtur Snorrason,
ritari minni hlutans.

Guðm. Ólafsson,
framsögum. minni hlutans.